

## Innritunarreglur

Öll börn á aldrinum 6 - 16 ára geta sótt um skólavist í Lækjarbotnum. Nemendur með lögheimili í Kópavogi hafa forgang. Umsókn fer fyrir inntökunefnd og starfsmannaráð til samþykkis. Í inntökunefnd situr skólastjóri og fulltrúi úr nemendaverndarráði.

### Innritun er háð eftirfarandi skilyrðum

- að laus pláss séu í bekkjarárgangi barns,
- að innritunarnefnd metur álag í bekk viðunandi fyrir velferð barnsins,
- að skólinn geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart þörfum barnsins, og mætt námslegum og félagslegum þörfum barnsins út frá aðstæðum og möguleikum í skólanum.

Með umsókn skal fylgja umsögn fyrri skóla/leikskóla sem og gögn um greiningar ef einhverjar eru ásamt því að foreldrar fylla út eyðublað um hagi og þroska barnsins. Inntökunefnd metur umsóknina og leggur fyrir tillögur um innritun hjá starfsmannaráði til samþykkis.

### Starfshættir inntökunefndar

Inntökunefnd sér um úrvinnslu umsókna um skólavist sem berast skólanum. Ef inntökunefnd metur að umsókn uppfylli inntökuskilyrði eru foreldrar/forráðamenn og barn boðuð í inntökuvíðtal. Ef sértækur vandi er til staðar getur inntökunefnd óskað eftir aðstoð frá grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs til að meta hvort aðstæður í skólanum geti mætt náms- og félagslegum þörfum barnsins.

### Tillögur inntökunefndar til starfsmannaráðs taka mið af

- fyrirliggjandi upplýsingum, s.s. umsögnum frá skólum, greiningargögnum og inntökuvíðtali ef við á,
- félagslega- og námslega stöðu og líðan í skóla,
- mat á þörf fyrir skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra.

### Afgreiðsla umsókna

- starfsmannaráð tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökunefnda enda hafi nefndin tekið mið af ofangreindu,
- sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra,
- sé lagt til að umsókn verði hafnað skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem fyrirhuguð synjun er rökstudd. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og upplýstir um kærurétt sinn skv. 47. gr. grunnskólalaga.